

# Rétta leiðin

Frá kreppu til lífsgæða og  
öryggis fyrir okkur öll

14. maí 2020

Alþýðusamband Íslands





# Hvers vegna *Rétta leiðin*?

- Þegar hundruðum milljarða er veitt úr opinberum sjóðum til að styðja við atvinnulífið á launafólk og almenningur skýlausan rétt til þátttöku í ákvarðanatöku og stefnumótun.
- Stærsta ógnin við íslenskt efnahagslíf í kjölfar COVID-19 er tekjumissir fólks og langvarandi atvinnuleysi.
- Með atvinnusköpun og félagslegum aðgerðum má byggja upp sterkt samfélag til framtíðar.



---

# Aðgerðir í þremur liðum

- Bráðaaðgerðir
- Uppbygging til framtíðar
- Eftirlit



# 1. Bráðaaðgerðir

- **Bjarga lífum:**
  - Öflug heilbrigðisþjónusta og miðlun upplýsinga.
- **Afkomuöryggi og varðstaða um heimilin:**
  - Hlutabætur, sóttkví og hærri atvinnuleysisbætur.
  - Greiðslufrestir vegna húsnæðislána tryggðir og lánstími lengdur.
  - Hærri húsaleigubætur til þeirra sem hafa orðið fyrir tekjufalli.
  - Hópar sem þurfa sérstakan stuðning: námsmenn, foreldrar ungra barna, öryrkjar, aldraðir og útlendingar á vinnumarkaði.



- 
- Skilyrði fyrir stuðningi við fyrirtæki til varnar ríkissjóði:
    - Fjárhagsvandi sé vegna COVID-19 kreppunnar og eigendur hafi nýtt eigin bjargir.
    - Fyrirtæki fylgi kjarasamningum, stundi ekki launabjófnað og félagsleg undirboð og kennitölufلاك sé stöðvað.
    - Skráning yfir raunverulega eigendur liggi fyrir og fyrirtæki eða eigendur þeirra notist ekki við skattaskjól.
    - Fyrirtæki sem misnota úrræði stjórnvalda sæti viðurlögum.
    - Nemi opinber stuðningur 100 milljónum króna eða meira eignist ríkið hlut í fyrirtækinu.



## 2. Uppbygging til framtíðar

- Framfærslutrygging og húsnæðisöryggi:
  - Framfærsla er grundvallarréttindi.
  - Fyrirsjáanleiki í greiðslum af lánum og leigu: takmörkun vísitölubindingar og verðtryggingar.
  - Að hámarki fjórðungur tekna fari í húsnæðiskostnað.
  - Neytendavernd sem virkar.



---

- **Atvinnusköpun:**

- Framkvæmdir: flýta framkvæmdum, innviðir fyrir ferðapjónustu, almennar íbúðir og Allir vinna.
- Nýsköpun og tækni: tvöföldun á stuðningi, samvinnufélög og grænn nýsköpunarsjóður sveitarfélaganna.
- Matvælaframleiðsla: niðurgreidd raforka eða beinir styrkir til ylræktar, skattafslættir til smærri matvælaframleiðenda, efling fiskmarkaða og stofnun landbúnaðarklasa.
- Græn störf: almenningssamgöngur, rafvæðing bílaflotans, öflugari votlendissjóður og stafrænir innviðir.
- Fiskvinnsla: fullvinnsla á sjávarafurðum.
- Stytting vinnudags í líkamlegri og andlegri erfiðisvinnu.



- 
- **Réttindi á vinnumarkaði:**
    - Kjarasamningar og ráðningaröryggi.
    - Keðjuábyrgð og nei við harkhagkerfinu.
    - Ágóði af sjálfvirknivæðingu skili sér til starfsfólks.
    - Úrræði til að skipta um starfsvettvang.
    - Lagaleg skylda til að geta staðið undir launagreiðslum á uppsagnarfresti áður en greiddur er út arður.





- 
- **Menntun og öflugir innviðir**
    - Uppbygging á öllum innviðum landsins: Samgöngur, raforkuflutningar, fjarskipti, heilbrigðisþjónusta, umönnun, menntun og almenningsamgöngur.
    - Engin einkavæðing - varðstaða um auðlindir og eignir almennings.
    - Fagháskólastig, verk- og iðnmenntun fyrir alla.
    - Menntun og endurmenntun til að mæta sjálfvirknivæðingu og þrengingum.
    - Gjaldfrjáls íslenskunámskeið.
    - Vinnustaðanámssjóður sem virkar.



---

## 3. Eftirfylgni

- Í þágu almenningu: *ASÍ alltaf við borðið.*
  - Reikningur framtíðar verður ekki sendur almenningi.
  - Eftirlit: Vinnumálastofnun, Ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið og aðrar eftirlitsstofnanir geti sinnt sínu hlutverki.

# Vegvísir til framtíðar

Alþýðusamband Íslands



Á krepputímum keppast sérhagsmunaöfl við að bæta stöðu sína. Frá síðustu kreppu hafa hinir ríku orðið ríkari, bæði á alþjóðavísu og á Íslandi. Nú er mál að linni; tímabært er að snúa strax af þessari braut og tryggja að aðgerðir vegna kreppunnar stuðli að jöfnuði og almennum lífsgæðum.

Með þessum tillögum er settur fram **vegvísir að uppbyggingu öflugs og réttláts samfélags -fyrir okkur öll.**